

33. fundur stjórnar Nýheima 13. 08. 2014.

Mætt: Davíð Arnar Stefánsson, Tinna Björk Arnardóttir, Nína Síbyl Birgisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Vala Garðarsdóttir, Árdís Erna Halldórsdóttir, Steingerður Hreinsdóttir, Zophonías Torfason og Helga Árnadóttir

Forföll boðuðu: Fanney Björg Sveinsdóttir og Þorvarður Árnason.

Fundarstjóri: Tinna Björk Arnardóttir

Fundarritari: Nína Síbyl birgisdóttir

Dagskrá

1. Ásýnd Nýheima - Móttaka og símamóttaka

Vala og Zophonías kynntu hugmyndina um að laga þurfi móttöku Nýheima. Flestir voru sammála um að símsvörun og móttaka væri vænlegur kostur. Tinni benti hins vegar á að innan nýheima færi fram sjálfstæð starfsemi og ekki sjálfgefið það þyrfti miðlæga símasvörun. Steingerður benti jafnframt á að það þyrfti að ákveða hvað þessi einstaklingur þyrfti að gera og sjá hver kostnaðurinn yrði á hverja stofnun. Vala ætlar að byrja á að hafa símvörslu í bókasafninu og ítrekaðar verða hugmyndir við sveitafélagið um breytingar á móttöku.

Davíð minntist á merkingar hússins. Uppfæra þarf upplýsingar um starfsemi hússins í takt við þær breytingar sem hafa orðið á starfseminni í húsinu. Hann ætlar að skoða það og framkvæma breytingar og viðgerðir.

Vala spurði um gróðurinn fyrir utan Nýheima. Fjarlægja átti runna og setja eitthvað fallegra í staðinn. Davíð sagði að það hefði verið búið að ræða við eigendur hússins og hlutaðeigandi um málið og stendur til að lagfæra umhverfið í kringum Nýheima í áföngum. Til stendur að ráðist verði í fyrsta áfanga í haust.

2. Endurreisn Umhverfisnefndar Nýheima

Kristín talaði um að endurvekja umhverfisnefnd Nýheima. Hún hnykkti á að Nýheimar ættu að vera leiðandi í þeim efnum og skoða þyrfti sorpflokkun innandyrna í sérstaklega. Ákveðið var að boða það fólk sem er skráð í þessa nefnd á fund og leggja á ráðin með framhaldið og aðgerðir.

3. Evrópusambandsstyrkir

Davíð sagði frá Evrópustyrk sem er opin til umsóknar, lokafrestur er 18. ágúst. Vala talaði um að fresturinn væri og stuttur. Davíð sagði að við þyrftum að vera vakandi með styrki og verkefni í framtíðinni.

4. Fyrirspurn frá Söderhamn vegna ráðstefnu

Ragnhildur kynnti samstarf við Söderhamn í Svíþjóð, Írland og Rúmeníu um málefni ungs fólks í jaðarbyggðum. Boðað er til ráðstefnu í Söderhamn í október. Ákveða þarf hver okkar fulltrúi verður í verkefninu ef farið verður á ráðstefnuna. Davíð ætlar að athuga hvort að styrkurinn dekki kostnað vegna ferðar fulltrúa Nýheima.

5. Heimsókn Kristbjargar frá Vinum Vatnajökuls

Kristbjörg verður með kynningu á styrkjum frá Vinum Vatnajökuls fyrir Nýheima fimmtudaginn 14. 8. 2014 kl.15:30 og leggur áherslu á að fá sem flesta frá Nýheimum á fundinn.

6. Fundarsköp stjórnarfundar Nýheima

Rætt var um hvenær fundir eigi að vera, hversu oft og hvað henti hverjum og einum. Fjarfundir koma til greina fyrir þá sem þurfa að koma langt að. Það á sérstaklega við í tilfalli Steingerðar. Jafnframt var rætt um að flokka fundi eftir efnum þ.e. að halda annars vegar fundi sem varða sérstaklega starfsemina innandyra, ásýnd, útlit virkni hússins og hins vegar faglegri og víðari fundi. Engin ákvörðun var tekin í þeim efnum. Lagt var til að halda óbreyttri fundartíðni og fyrirkomulagi fyrst um sinn og ræða framhaldið síðar eða þegar starfsemi í húsinu er komin í fullan gang.

Önnur mál:

Vala vakti máls á framtíð kaffiteríunnar. Illa hefur gengið að finna rekstraraðila til að reka aðlaðandi og gott mötuneyti í húsinu allt árið. Zophanías sagði frá því að FAS og bæjaryfirvöld hefðu rætt þann kost að bjóða upp á sama mat og boðið er upp á í grunnskólanum og bærinn tilbúin að bjóða FAS að ganga inn í þann samning. Verið er að skoða ýmsa möguleika varðandi reksturinn.

Helga fékk póst frá Ferðamálastofu um kortlagningu auðlinda í ferðaþjónustu á Íslandi. Þeim vantar samstarfsaðila í verkefnið. Vala og Árdís buðust til að vera Helgu innan handar í þeim efnum. Kristín bauð einnig fram aðstoð sína.

Fundi slitið kl. 9:45